

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. desember 2019

Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins um 16. mál, frumvarp til laga um breytingar á lögum um grunnskóla nr. 91/2008

Samtök atvinnulífsins biðjast velvirðingar á því hversu seint umsögnin berst allsherjar- og menntamálanefnd.

Tilgangur frumvarpsins er að jafna stöðu foreldra óháð því hvort þeir sendi börn sín í sjálfstætt rekinn grunnskóla eða grunnskóla sem rekinn er af sveitarfélagi. Í tillögu að 1. gr. frumvarpsins felst að framangreindum tilgangi verði náð með því að hækka lágmarksviðmið framlaga til sjálfstætt rekinnna grunnskóla úr 75% í 90% af vagnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda. Að sama skapi er lagt til að lágmarksframlag til skóla fyrir hvern nemanda umfram 200 nemendur verði 85% í stað 70% sem nú er. Þá meginreglu leiðir af 2. mgr. 43. gr. laga nr. 91/2008 að innritun í sjálfstætt rekinn grunnskóla er háð frjálsu vali foreldra, fyrir hönd barna sinna.

Nýlega kynnti SA áherslur sínar í menntamálum þar sem sérstaklega er fjallað um mikilvægi þess að sjálfstætt starfandi skólum sé tryggður rekstrargrundvöllur. Þar segir meðal annars að grunnskólar sem reknir eru af sveitarfélögum hafi að jafnaði minna svigrúm til sjálfstæðis og skólaþróunar heldur en sjálfstætt starfandi skólar. Fjölgun sjálfstætt starfandi skóla er því lykilþáttur í að bæta gæði grunnskólanna og auka fjölbreytni atvinnumöguleika kennara. Þá er brýnt að ríkið, sveitarfélögin og Kennarasamband Íslands skoði líka hvernig auka megi sjálfstæði opinberra skóla. Á sama tíma er mikilvægt að ríkið og sveitarfélög geri miklar gæðakröfur til skóla og tryggi að þeir uppfylli allir ákveðin skilyrði.

Þrátt fyrir að hér sé sérstaklega horft til grunnskóla eiga sömu sjónarmið við um önnur skólastig. Fleiri sjálfstætt starfandi skólar geta orðið grunnur að þróun og enn frekari eflingu íslensks skólstarfs.

Í ljósi framangreinds er að mati SA afar mikilvægt að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir